



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

**Guðlausir menn: *Uomini senza Dio***

*Pýðing á ítölsku á ljóðabók Ingunnar Snædal*

Ritgerð til B.A.-prófs í *Íslensku sem öðru máli*

Edoardo Mastantuoni

Júní 2014

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Íslenska sem annað mál

# Guðlausir menn: *Uomini senza Dio*

*Pýðing á ítölsku á ljóðabók Ingunnar Snædal*

Ritgerð til B.A.-prófs í *Íslensku sem öðru máli*

Edoardo Mastantuoni

Kt.: 260181–2119

Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir

Júní 2014

*Til Brynju, Pietro, Sigga, Sæmundar og foreldra minna.*

*Og til villikattarins.*

*Reykjavík, 01.05.14*

## ÁGRIP

Þessi ritgerð er þýðing á ítölsku á bókinni *Guðlausir menn – hugleiðingar um jökulvatn og ást* eftir Ingunni Snædal. Í fyrri hluta ritgerðarinnar kynni ég bókina, fjalla almennt um þýðingar og þýðingarfræði (ég nefni Eugene Nida og aðra fræðimenn) og umfram allt kynni ég hluta af þeim vandamálum sem ég mætti og lausnir sem ég beitti á þýðingarferlinu, bæði á málfræðilegu og menningarlegu sviði. Ég vona að þessi kafli, með þeim þýðingarlausnum sem ég hef fundið muni vekja athygli þeirra sem hafa áhuga á þýðingum; hvort heldur sem þeir búa í mínu heimalandi, Ítalíu, eða eru svo heppnir eins og ég að vera í tengslum við íslenskt samfélag.

Í seinni hluta kynni ég þýðinguna á bók Ingunnar. Vonandi mun þessi þýðing nýtast flestum sem hafa áhuga á Íslandi og stuðla að einhverju leyti að því að gera íslenska nútímamenningu aðgengilega fyrir stærri lesendahóp.

# EFNISYFIRLIT

<b>Inngangur</b> .....	1
<b>1. Ingunn Snædal og ljóðabókin <i>Guðlausir menn</i></b> .....	2
<b>2. Almennt um þýðingar og þýðingarfræði</b> .....	5
2.1. Inngangur .....	5
2.2. Yuri Lotman og Ástráður Eysteinnsson .....	5
2.3. Peeter Torop, Mikhail Bakhtin og Tullio Gregory .....	6
2.4. Eugene Nida .....	6
2.5. Lokaorð .....	8
<b>3. Þýðingarvandamál</b> .....	9
3.1. Stíll og málsnið .....	9
3.2. Greinarmerki .....	10
3.3. Hrynjandi .....	15
3.4. Málfræðileg vandamál .....	16
3.4.1. Ákveðinn greinir .....	16
3.4.2. Einstök atriði .....	17
3.5. Menningarleg vandamál .....	19
3.5.1. Orðið <i>bóndi</i> .....	19
3.5.2. Staðarheiti .....	20
3.5.3. Litir .....	23
3.5.4. Séríslensk fyrirbæri .....	25
<b>4. Lokaorð</b> .....	28
<b>Heimildir</b> .....	30
<b>Þýðingin</b> .....	33

## Inngangur

Þessi ritgerð er tvískipt: fyrri hlutinn samanstendur af fjórum köflum og seinni hlutinn er þýðing á ítölsku á ljóðabókinni *Guðlausir menn* eftir Ingunni Snædal.

Í fyrsta kafla í fyrri hluta mun ég kynna höfundinn Ingunni Snædal og fjalla stuttlega um ljóðabók hennar, helstu einkenni og hvað gerir hana áhugaverða. Í öðrum kafla ætla ég að ræða almennt um þýðingar og þýðingarfræði: ég mun fjalla í mjög stuttu máli um kenningar og skoðanir sem fræðimenn á borð við Ástráð Eysteinnsson, Bakhtin, Gregory, Lotman, Nida og Torop hafa sett fram. Í þriðja kafla mun ég greina frá nokkrum þýðingarvandamálum sem komu upp við þýðinguna: ég mun skoða ýmis atriði en eins og venja er við öll virðuleg og vönduð verk hef ég tekið þá ákvörðun að einbeita mér að sumum hlutum frekar en öðrum. Eftirfarandi atriði eru mér hagleikin: *Greinarmerki*, *Orðið bóndi*, *Staðarheiti* og *Litir*. Fyrri hluti endar á heimildarskrá.

## 1. Ingunn Snædal og ljóðabókin *Guðlausir menn*

Ingunn Snædal er kennari, þýðandi og verðlaunaskáld. Hún er fædd á Egilsstöðum árið 1971. Hún menntaði sig sem kennari í Háskóla Íslands en lærði líka írsku í Háskólanum í Galway og íslensku í Háskóla Íslands. Hún hefur búið á Írlandi, Kosta Ríka, Mexíkó og Danmörku, og unnið, meðal annars, sem kennari, prófarkalesari, ráðskona, þjónn, brefberi og árstíðabundinn starfsmaður í síld (sjá Ingunni Snædal 2014).

Fyrsta ljóðabók hennar, *Á heitu malbiki*, kom út árið 1995. *Guðlausir menn – hugleiðingar um jökulvatn og ást* var annað verk hennar, syrpa af svokölluðum prósaljóðum sem kom út ellefu árum seinna, árið 2006. Í greininni *Hér þekkjá mig allir en enginn veit neitt um mig* sem birtist í Morgunblaðinu gefur Soffía Auður Birgisdóttir (2006) okkur lýsingu bókarinnar:

Í upphafsljóði bókarinnar lýsir ljóðmælandinn því yfir að hann sé í öngum sínum þar sem hann veður yfir á og blotnar í fætturna, því það „er hallærislegt að taka á sig krók“ þegar maður er í slíku ástandi: „Svolítið eins og maður sé ekki í nógu miklum öngum“. Þetta upphaf vekur samstundis áhuga lesandans að fá að vita meira um hvað málið snýst og í gegnum bókina fylgjum við ljóðmælandanum á ferðalagi heim á æskuslóðir sínar. Ferðalagið myndar nokkurs konar ramma utan um ljóðin og gefur bókinni sterkan heildarsvip. En að sjálfsögðu eru ferðalögin fleiri en eitt, því um leið og ljóðmælandi ferðast í bíl norður í land og um æskuslóðir sínar, er lesendum gefin innsýn í annað og kannski mikilvægara ferðalag sem farið er hið innra. Segja má að hið „eiginlega“ ferðalag myndi uppistöðu í byggingu bókarinnar en ljóð sem lýsa hinu innra ferðalagi fleyga sífellt það ytra og þar er lýst brothættum tilfinningum, ástarþrá og ótta.

Sögumaður er í fylgd tveggja systkina sinna á leið í jarðarför ömmu sinnar. Í gegnum fá en vel valin lýsingarorð kynnumst við nánustu fjölskyldu hans, foreldrum, systkinum, ömmu og afa. Smám saman teiknast upp mynd af manneskjum með öllum sínum kostum, göllum og leyndarmálum sem búa með í fjölskyldunni. Eins og Soffía Auður skrifar, eru ljóðin „margvísleg í formi og stíl. Ljóðin sem lýsa fjölskyldunni og heimasveitinni eru frásagnarkennd og einkennast af húmor og hlýju, jafnvel þótt ort sé um alvarlega hluti“. Þetta er einmitt helsti kostur höfundar: á sumum stöðum „tekst Ingunni að bregða upp skyndimyndum af fjölda fólks á afar skemmtilegan hátt“. En á hinn bóginn eru ljóðin sem lýsa innra ferðalaginu „knappari í formi og miðleitnari og í þeim beitir höfundur stílbrögðum á borð við líkingar og myndhverfingar á kunnáttusamlegan og oft fallegan máta“.

Í greininni *Hengirúm og öngur* nefnir annar ritdómari, Úlfhildur Dagsdóttir (2006), réttilega að í þessari syrpu af prósaljóðum leiki skynjun og tilfinningar einkennandi

hlutverk. Þegar ég las textana var ég algjörlega sammála staðhæfingu hennar: „hægt og hægt teiknast upp heill heimur af hreyfingu, myndum, lykt og hljóðum“. Vegna þessa og orða Soffíu Auðar hér að ofan er ég sannfærður um að bókin myndi njóta mikilla vinsælda ef hún væri gefin út í útlöndum, svo sem í mínu heimalandi, Ítalíu, því: með örfáum pennastrikum er lýst á skilvirkan hátt hluta af íslensku landslagi, svo ólíku því ítalska; sagt er frá lífi bænda á einangruðum íslenskum sveitabæjum; skrifað er á nútímamáli og þess vegna áhugavert fyrir yngri lesendur; bókina má lesa á innan við klukkutíma; hún hlaut bókmenntaverðlaun; Ísland er æ meira í tísku og áfangastaður ferðamanna.

Einkennandi fyrir þessi prósaljóð er að greinarmerki eru næstum aldrei notuð; í þeirra stað er einfaldlega byrjað á nýrri línu (að undanskildum formálanum, *sms-ljódi II* og *sms-ljódi III*, þar sem hefðbundin greinarmerki eru notuð) og á nýrri málsgrein. Þessari stíltegund fylgja afar einfaldar setningar og margar aukasetningar. Þær eru ekki hlaðnar, en samt fallegar einmitt vegna þessa einfaldleika; þær endurspeglar flæði hugsana og hugleiðingar höfundar sem streyma fram hratt eins og vatn. Oft er um að ræða setningar án sagna þar sem persónufornöfnum er líka sleppt í byrjun setninga. Vísa mætti til *stream of consciousness* ('vitundarflæði') sem felst í því að tjá frjálsglega hugsanir manna eins og þær koma upp í hugann, áður en tími gefst til að raða þeim rökrétt í setningar; stuttar setningar sem eru hluti af innri einræðu:

(1) Um kvöldið / fer ég með bróður mínum / sem býr á staðnum / út í kirkjugarð / maígolán er hlý / bjart þótt klukkan gangi í níu / förum á jeppanum hans pabba / verkfærin aftur í / aðeins farið að grænka / áin er kólgugrá / heyri í spóanum (bls. 26)

Þar að auki fylgja kaflarnir ekki tímaröð, heldur er þeim blandað: höfundur er að keyra heim, austur á land, fyrir jarðarför ömmu sinnar í köflum I, V, VII, IX, X og XI, en á milli þeirra segir hann t.d. frá því þegar stórfjölskyldan er í kirkjunni að tala við prestinn um smáatriði varðandi athöfnina (VIII kafli):

(2) Kvöldið eftir / þegar stórfjölskyldan er saman komin í kirkjunni / að ræða fyrirkomulag við prestinn / hver eigi að bera kistuna / ég sit og hugsa (bls. 19)

Í VI kafla fer svo höfundur sennilega líka aftur í tíma:



- (3) Sunnudagur / við erum að mála svefnherbergi heima hjá þeim / ég og mágkona mín  
(bls. 17)

## 2. Almennt um þýðingar og þýðingarfræði

### 2.1. Inngangur

Með *þýðingu* er átt við flutning á texta yfir á tungumál sem er öðruvísi en tungumálið sem textinn var upprunalega saminn og skrifaður á (Osimo 2003). Samheiti á *þýða* eru: ‘snúa á eitthvert tungumál’, ‘venda í’, ‘færa í’, ‘útleggja’, ‘útsetja’. Halldór Laxness talaði líka um ‘snara upp í’ (Skúli Björn Gunnarsson 1997). Þegar talað er um þýðingu er venjulega notað myndmálið *frummálstexti* og *markmálstexti* til þess að lýsa bilinu þar sem þessi athöfn á sér stað, *þýðingarferlið*. En þýðing á sér eigi aðeins rúmvídd heldur einnig tíma- og menningarvídd sem nauðsynlegt er að taka tillit til. Að þýða er mikilvægt til þess að eiga samskipti, og er ómissandi við að færa hugtök nær fólki sem kemur úr ólíkri menningu, eins og sú íslenska vissulega er frábrugðin þeirri ítölsku. Mikilvægt atriði í þýðingarferlinu er að gera sér grein fyrir að öll samskipti innihalda hugtök, orð eða orðatiltæki þar sem þýðing okkar virðist stöðvast. Sérstaklega þarf að huga að því hvaða hluta textans er auðveldast að misskilja; hvaða orðatiltækjum, frösnum og menningaratriðum má beita til þess að styðja við samskipti milli lesandans og hins þýdda texta. Þannig að við þýðingaraðferðina verða þýðendur að hafa í huga hinn almenna lesanda markmálstextans. Allar samræður sem við eigum, skrifaðar eða munnlegar, eru settar í samhengi sem áhrif hefur á merkingu samræðnanna. Og þýðing getur ekki komist hjá því að taka tillit til menningarlegs umhverfis sem einkennir hana.

### 2.2. Yuri Lotman og Ástráður Eysteinnsson

Um samband milli höfundar og menningarlegs umhverfis og auðgun menningar í gegnum þýðandaverk fjallar eistneski táknfræðingurinn Yuri Lotman (2005) í grein sinni *On the semiosphere*. Í henni lýsir hann samhengi milli frummálstexta og markmálstexta. Menningarheimur er borinn saman við lífveru, þar sem frumur (sem hver um sig táknar einstaka menningu) eiga samspil og auðga hver aðra. Lotman sér samband milli menningar eins og menningar annars sem tækifæri fyrir þróun beggja menningarheima sem geta þannig frjóvgast og eflst. Þessi virkni milli *eigin menningar* og *annarrar* skapar ekki einsleitni heldur þróun hvernar menningar fyrir sig; hún skapar jafnvel möguleikann á að menning minnihlutahópa geti þróast. Það er gegnum samskipti okkar og annarra sem þýðing myndast.

Í bok sinni *Tvímæli* (1996:276) hefur Ástráður Eysteinnsson meðal annars gert grein fyrir þeirri menningarlegu auðgun sem þýðing af „útlenskum heimi“ veldur:

[Þýðingar] miðla okkur erlendum menningarheimum á öðrum forsendum en frumsamin verk á okkar máli eða verk sem við getum lesið á erlendum málum. Í þýðingum mætir íslenskt mál annarlegri tungu sem miðlar erlendum menningarheimi og biður jafnframt um það sem kann að virðast ómögulegt – að rödd hennar heyrist á íslensku.

### 2.3. Peeter Torop, Mikhail Bakhtin og Tullio Gregory

Svipuð kenningu Lotmans er kenning Peeters Torops (sem einnig er Eisti), sem lýsir ímynduðu rúmi milli tveggja texta, frummálstextans og markmálstextans. Torop (2002:593–605) heldur því fram að menningin valdi nauðsynlega samanburði og svo er alveg eðlilegt að í þýðingu texta vísi þýðandinn í upplýsingar sem hann þekkir nú þegar með því að breyta að hluta merkingunni.

Mikhail Bakhtin (1981) staðhæfir að allur skilningur sé afurð samanburðar milli frummálstextans og markmálstextans og endursköpun í nýju samhengi. Á þann hátt skýrist óhlutbundna hugmyndin um bilið frá einum texta til annars sem sá staður þar sem bókmenntir skapast, eru skynjaðar og túlkaðar. Þessi kenning víkkar skilgreiningu sjálftrar þýðingarinnar úr einföldum flutningi milli tungumála í túlkun á *samræðu annarra*.

Í grein sinni, *Origini della terminologia filosofica moderna*, undirstrikar Tullio Gregory (2006) mikilvægi starf þýðenda sem oft eru ranglega vanmetnir vegna gamalla fordóma um að þeirra verk séu ekki frumsamin. Annars vegar kemur þýðingin fyrir augu almennings hvers menningararfur og tungumál er öðruvísi en þeirra sem tilheyra landi frummálstextans og þetta býður upp á algera og frumlega túlkun. Hins vegar, þar sem er langt á milli frummáls og markmáls, krefst þýðingin sköpun nýrrar orðanotkunar sem gerir kleift að skýra á fullnægjandi hátt menningarlegar hugmyndir frummálstextans.

### 2.4. Eugene Nida

Í bókinni sem bandaríski málvísindamaðurinn Eugene Nida skrifaði í samstarfi við Charles Taber (1969) kemur fyrst fram hugtakið *jafngildi*. Nida staðhæfir að engin tvö tungumál séu eins og að það geti ekki verið algjör hliðstæða milli tungumála. Þar af

leiðandi geta ekki verið til fullkomlega nákvæmar þýðingar. Nida talar um mismunandi þýðingar sem fylgja þremur grundvallarreglum:

- a. Eðli boðskaparins: í sumum boðskap er innihaldið aðalatriðið, en í öðrum verður að gefa forminu meira vægi.
- b. Markmið höfundar og þýðanda: að gefa upplýsingar um bæði form og efni; að miða að fullkomnum skilningi lesandans til þess að hann skilji til fulls allt sem gefið er í skyn í textanum, en á sama tíma að tryggja að hann misskilji ekki þýðinguna.
- c. Hver lesandinn er: lesendur eru mismunandi bæði hvað varðar hugsanlegan áhuga og hæfni til að skilja.

Sæmkvæmt Nida verður maður að leita að „næstu eðlilegu hliðstæðu“ (e. „*closest natural equivalent*“). Hann greinir tvær aðferðir til að þýða sem grundvallast á tveimur tegundum af jafngildum: *formlegu jafngildi* (e. *formal equivalence*) og *áhrifajafngildi* (e. *dynamic equivalence*).

Með formlegu jafngildi er lögð áhersla á sjálfan textann, bæði hvað varðar form og efni: form og inntak skilaboðanna eru þar í aðalhlutverki. Í slíkum þýðingum væri þá reynt að finna bein tengsl milli ljóðs og ljóðs, setninga og setninga, hugtaks og hugtaks. Hér er reynt að finna hliðstæðu milli uppbyggingar, þar sem þýðandinn reynir að endurgera eins bókstaflega og eins nálægt merkingu frummálstextans og hægt er. Meginreglan á bak við formlega jafngildisþýðingu væri þá: endurgerð málfræðilegra eininga, endurgerð orðatiltækja og merkingar samkvæmt frummálstextanum.

Með áhrifajafngildi er á hinn bóginn miðað að fullkomlega „eðlilegum“ tjáningarmáta. Áhrifajafngildisþýðing beinist fyrst og fremst að *jöfnum viðbrögðum* frekar en að *jöfnu formi*. Samband milli lesanda markmálstextans og skilaboðanna ætti að vera það sama og á milli lesanda frummálstextans og skilaboðanna. Meginreglurnar bak við áhrifajafngildisþýðingu væru þá: aðlögun þýðingarinnar að tungumáli og menningu lesandans, endurstílfærsla á orðatiltækjum og orðaforða sem koma skilaboðunum til skila.

## 2.5. Lokaorð

Sérhver þýðing er aðlögun hvað varðar orðatiltæki, frasa og jafnvel greinarmerki eins og komið verður að nánar í næsta kafla. Ennfremur er þýðing menningarleg miðlun sem reynir að gera almenningi skiljanlegt það sem er menningarlega bundið við ákveðið land. Eins og við höfum séð í kenningu Nida geta þýðingar verið bókstaflegar og mjög tengdar frummálstextanum eða frjálslugar og lýsandi. Þessar síðastnefndu beinast að hinum almenna lesanda. Í þýðingunni á *Guðlausum mönnum* sem ég kynni í þessari ritgerð hef ég alltaf haft í huga hinn almenna ítalska lesanda og ég hef reynt að lýsa með almennum orðum eins vel og hægt er nöfnum (t.d. *Áramótaskaup*, *Bleikt og blátt*, *Sjálfstæðisflokkurinn*) og hugtökum sem vísa til menningarlegra atriða sem eingöngu eiga við Ísland. Nöfn og hugtök sem hefðu farið fyrir ofan garð og neðan hjá ítölskum lesendum eða ruglað þá. Þessari aðferð hefur verið beitt án þess að „menga“ eða beinlínis breyta með utanaðkomandi atriðum þeim menningarheimi sem þau tilheyra. Dæmi um þetta má finna í kafla 3.5.

### 3. Þýðingarvandamál

#### 3.1. Stíll og málsnið

Titill bókarinnar, *Guðlausir menn – hugleiðingar um jökulvatn og ást*, mætti þýða á ítölsku sem *Uomini senza Dio – considerazioni sull'acqua fluvioglaciale e sull'amore*. Bæði á íslensku og ítölsku virkaði titillinn sérstaklega langur, þannig að ég kaus að sleppa seinni hluta titilsins (*hugleiðingar um jökulvatn og ást*) í heiti ritgerðarinnar. Líka vegna þess að á ítölsku er hugtakið *jökulvatn, acqua fluvioglaciale*, langt og tæknilegt og myndi ekki eiga vel við titil ljóðabókar. Í þessu tilfalli hefði ég valið nýjan ítalskan titil með því að finna öðruvísi lausn fyrir seinni hluta titilsins en mér fannst duga að láta bara fyrri hlutann nægja.

*Guðlausir menn* er eins konar sjálfsævisaga; ekki einungis ljóðabók, heldur samanstendur hún öllu frekar af því sem oftast er kallað prósaljóð (Engifer 2010):

Prósaljóð eru ljóð í lausu máli og svipar mjög til örsagna. Það er oft erfitt að greina hvað er prósaljóð og hvað ekki því þau eru algerlega laus við brageinkenni. Það sem aðgreinir prósaljóð frá óhefðbundnum ljóðum er að þau eru ekki sett upp í ljóðlínur. Það sem aðgreinir þau frá örsögum er ljóðræn tjáning, orðavalið og myndnotkunin.

Þetta þýðir fyrst og fremst að það sem einkennir bókina er algjör skortur á endarími, þótt að í kaflanum *án titils* séu tvær ljóðlínur sem enda á sama atkvæði:

(4) ég er skrímslavinur / gef þeim rúsínur (bls. 47)

En hér fellur áherslan ekki á það atkvæði, þannig að ekki er hægt að telja þetta rím og því hef ég hunsað það í þýðingunni (Eiríkur Rögnvaldsson 1989). Líka vegna þess að hvaða tilraun sem er gerð til að endurgera þessa líkingu á ítölsku hefði í för með sér eitthvað sem hljómaði eins og tilgerðarlegt hnoð.

Frá fagurfræðilegu sjónarhorni hafa meginerfiðleikarnir verið að halda ítalska textanum jafn einföldum og látlausum og frummálstextanum. Þetta hefur ekki verið auðvelt verkefni, þar sem móðurmál mitt hefur í gegnum aldirnar nánast eingöngu verið bókmenntamál menntaðrar elítu, og því auðgast með háfleygum orðaforða og löngum og hlöðnum setningum. Það er fyrst nýlega, ef til vill á síðustu þrjátíu árum, að ítalskir höfundar hafa leitað að og tekist að finna eðlilegt og hversdagslegt tungumál sem

raunverulega endurspeglar talmál (Whitfield 1969) og sem einkennir fyrst og fremst tungumál á borð við íslensku, mál sem hefur alltaf verið „fólksins“. Ég hef því reynt að „þurrka“ ítalskar setningar og leita eftir svipaðri tegund hversdagsleika og höfundurinn notar. Dæmi um hvernig ég prófaði að einfalda málsniðið er að finna í inngangi bókarinnar: í fyrstu tilraun notaði ég hátíðlegra orðfæri, en síðar skipti ég því út fyrir hversdagslegra mál. Í fyrra dæminu hef ég skipt viðtengingarhætti út fyrir framsöguhátt og í seinna dæminu hef ég skipt formlegra atviksorði *probabilmente* út fyrir almennara atviksorð *forse*:

(5) Samt er ég [í gulum gúmmískóm]. (bls. 5)

*Sebbene indossi...* (1. útgáfa) → *Anche se ho...* (2. útgáfa)

‘Þótt að ég sé í...’ (1. útgáfa) → ‘Líka ef ég er í...’ (2. útgáfa)

(6) Hefði líklega frekar átt [að fara]... (bls. 5)

*Probabilmente sarei dovuta...* (1. útgáfa) → *Forse sarei dovuta...* (2. útgáfa)

‘Ef til vill hefði ég átt...’ (1. útgáfa) → ‘Kannski hefði ég átt...’ (2. útgáfa)

### 3.2. Greinarmerki

Á íslensku er skáletur yfirleitt ekki notað fyrir heiti bóka, kvikmynda, söngva o.s.frv. nema í fræðilegum textum. Í staðinn eru heiti stundum skrifuð sem venjulegur texti með upphafsstaf orðs<sup>1</sup> og hvorki skáletruð né auðkennd með tilvitnunarmerkjum. Það sama gildir fyrir bókina sem ég hef þýtt í þessari ritgerð:

(7) Radiohead, No Surprises í botni (bls. 6)

(8) áttum við Gunnarshólma sameiginlegan (bls. 40)

Þessi notkun er afar ólík þeirri ítölsku, þar sem leturgerðin er venjulega notuð til að skilja titla frá hinum textanum. Vegna hins nútímalega og óvenjulega stíls sem bókin er skrifuð á hef ég heldur ekki notað skáletur í ítölsku útgáfunni.

---

<sup>1</sup> En þetta gildir aðeins fyrir sum útlensk heiti þar sem flest orð eru með stórum staf (t.d. *A Portrait of the Artist as a Young Man*), en ekki fyrir íslensk heiti þar sem aðeins fyrsta orðið er skrifað með stórum staf (t.d. *Sjálfstætt fólk*).

Með sama hætti notar höfundur ekki tilvitnunarkerki til að tákna beina ræðu í ljóðabók sinni. Þetta einkennir nútímalegan stíl sem hann notar; bein ræða kemur einfaldlega fyrir í textanum án þess að hún sé auðkennd:

(9) þá gat hann hallað sér aftur á bekknum / sagt láttu nú ekki svona (bls. 13)

(10) kyssi ömmu á ennið / hvísla ég bið að heilsa afa (bls. 10)

Ég hef líka sleppt sérstakri leturgerð og tilvitnunarkerkjum á ítölsku til þess að tjá eðli og hrynjandi texta sem ber í sér hraða.

Eins og skýrt var frá í 1. kafla eru punktar ekki notaðir að undanskildum formálanum, *sms-ljódi II* og *sms-ljódi III*, og er notkun annarra greinarmerkja mjög takmörkuð. Oftast er þeim einfaldlega sleppt: í stað kommu og punktts hefst ný ljóðlína. Spurningarkerkjum er stundum sleppt. Kommur eru sjaldan notaðar, oftast aðeins til að greina milli einstakra lýsingarorða eða atviksorða:

(11) hátt, sterkgult grasið (bls. 22)

(12) fyrst rjóð í kinnum, brosandi (bls. 23)

(13) uppblásin, blettótt og grá (bls. 28)

Í öllum tilvikum endurspeglar ítalska þýðingin þessa takmörkuðu notkun á kommu og öðrum greinarmerkjum. En í sumum tilvikum hef ég bætt við fleiri kommu til þess að bæta flæði setninganna, þar sem kommur eru oftast notaðar á ítölsku en íslensku<sup>2</sup>. Sem dæmi mætti nefna að í ítölsku þýðingunni sem ég hef unnið eru kommur alltaf settar á undan tengingum sem tjá andstæður, svo sem *en* (ít. *ma*):

(14) þetta er erfitt en samt gott (bls. 26)

*è difficile, ma ci fa bene*

---

<sup>2</sup> Fram á áttunda áratuginn voru kommur notaðar meira í íslensku og voru fastari reglur fyrir notkun þeirra en eru í dag, svipað og gert er t.d. á rússnesku (*Íslensk-rússnesk orðabók* 1962): *beztu maður, sem eg þekki* (rússn. *лучший человек, которого я знаю*); *mér skildist, að þú segðir...* (rússn. *я понял так, что ты сказал...* eða *я думал, что ты сказал...*); *hann sagði, að...* (rússn. *он сказал, что...*). Sbr. einnig *Auglýsing um greinarmerkjasetningu* nr. 133/1974.



(15) ennþá Radiohead en annað lag og búið að lækka (bls. 6)

*ancora Radiohead, ma altra canzone e a volume più basso*

Til að halda flæði og hrynjandi hef ég sett kommur í eftirfarandi setningar; eftir *letto* ('rúm', 'beð') og á undan *anche* ('þótt'):

(16) á mjúkum beði við hlið ástvinar (bls. 15)

*su un soffice letto, accanto alla propria metà*

(17) bjart þótt klukkan gangi í níu (bls. 26)

*c'è luce, anche se sono passate le otto*

Í eftirfarandi setningu reyndist komma líka vera nauðsynleg til að halda góðri hrynjandi; þar setti ég kommu á eftir þýðingunni á orðinu *hjálparlaust* (ít. *indifeso*):

(18) kona horfir á eftir fé sínu renna á sveibólstrum / hjálparlaust fyrir kletta og drukkna (bls. 28)

*una donna vede il suo gregge scivolare lungo il pendio ghiacciato / indifeso, cadere nel dirupo e annegare*

'kona horfir á eftir fénu sínu renna á sveibólstrum / hjálparlaust, detta í gljúfur og drukkna'

Á ítölsku hef ég einnig sett annað sagnorð, *cadere* ('detta'), til að nota með orðasambandinu *nel dirupo* ('í gljúfur'). Taka má líka eftir hvernig ákveðinn greinir er notaður á ítölsku í þýðingunni *horfir á eftir fé sínu* (ít. *vede il suo gregge*, 'horfir á eftir fénu sínu'). Um notkun ákveðna greinisins mun ég ræða síðar í kafla 3.4.1.

Til að halda samhengi fannst mér að ég yrði að setja kommu í eftirfarandi dæmi, þar sem *með vindinn í hnésbótum* er hér innskot:

(19) á leið heim, með vindinn í hnésbótum / brutum harða snjóskán í hverju skrefi

(bls. 48)

*tornando a casa, col vento ai polpacci, / abbiamo rotto dure lamine di ghiaccio a ogni passo*

‘á leið heim, með vindinn á kálfunum, / brutum harða ísskán í hverju skrefi’

Bent skal líka á breytinguna á orðaforðanum sem ég hef hér notað:

1. Í fyrra tilfellinu notaði ég orðatiltæki sem er eðlilegra á ítölsku: *í hnésbótum* verður *á kálfunum* (ít. *ai polpacci*) þar sem mér fannst að það sem skipti máli væri ekki *hvar nákvæmlega*, heldur *hvar um það bil* höfundur talar um – þ.e.a.s. aftan á fótleggjunum.
2. Í seinna tilfellinu hef ég kosið að breyta örlítið merkingu þýðingarinnar með því að skipta *snjóskán* út fyrir *ísskán*, þar sem þessi mynd reyndist meira fullnægjandi og lýsandi í ítölsku útgáfunni.

Á öðrum stað varð ég að setja kommu til þess að aðlaga að ítölsku málnotkun sem einkennir íslenskt tungumál:

(20) við bróðir minn og litla systir (bls. 6)

*io, mio fratello e mia sorella minore*

‘ég, bróðir minn og yngri systir mín’

Sögumaðurinn, *ég*, er nefndur fyrstur sem er frábrugðið ítölskum reglum um „fágað mál“ þar sem *ég* ætti að koma í lokin: *mio fratello, mia sorella minore e io* (‘bróðir minn, yngri systir mín og ég’). Þar sem stíll höfundar er knappur og ekki tilgerðarlegur, hef ég fremur sett persónufornafnið *ég* í byrjun setningar, líka vegna þess að í næstu línu er haldið áfram að lýsa *sorella minore* (‘litla systir’): „við bróðir minn og litla systir / hún situr aftur í og segir fátt“.

Semíkomman er notuð tvisvar í þessari bók. Á öðrum staðnum, í ljóðinu *sms-ljód til thín*, kemur semíkomman í fyrstu línu textans sem hér fylgir. Þar sem ljóst var að semíkomman er þarna notuð eingöngu til að skilja að tvo textahluta og til að merkja aðeins það sem er einhvers konar inngangur og útskýring hef ég skipt henni út fyrir

sviga. Semíkomman kemur á eftir *vid thig*, en á ítölsku hef ég sett allt sem kemur á undan þessum tveimur orðum í tvo sviga:

(21) um thá tíma / thegar mig / langar að koma / vid thig; / sólgydjan grípur / í hár thitt og / rótar í thví með / gylltum prikum / lít upp og finn / hugsanir okkar / flækjast saman / yfir midju bordi / erum á bar með / vinum og augu / thín lýsa eins og / glódarlampar (bls. 21)

*(nei momenti / in cui ho voglia / di sfiorarti) / la dea del sole ti afferra / i capelli / e li arruffa cn / bakkette dorate / guardo in alto e trovo / i nostri pensieri / sospesi sul tavolo / impigliarsi / siamo al bar cn / amici e gli okki / tuoi ardonno cm / tizzoni*

Í þessum texta, sem er umritun af sms, breytir höfundur ennfremur um stafsetningu á eftirfarandi bókstöfum:  $p \rightarrow th$  (t.d. *thegar*) og  $\delta \rightarrow d$  (t.d. *vid*). Þetta er dæmigerð umritun fyrir sms sem send eru úr eldri sínum, þar sem sendandi skiptir oft þessum íslensku bókstöfum út fyrir latneska bókstafi. Í þessu og hinum tveimur sms-ljóðunum hef ég endurgert á ítölsku tilfinninguna fyrir sms með því að nota bókstafina *k* og *kk* í stað *ch* og *cch* (t.d. *ke*, ‘sem’; *okki*, ‘augu’), og með því að nota styttingar sem eru dæmigerðar fyrir sms ritmál: *cm* < *come* (‘eins og’); *nn* < *non* (‘ekki’); *cn* < *con* (‘með’). Ég hef aðeins notað þessar styttingar til þess að gefa ítölsku þýðingunni yfirbragð af sms, þar sem í upprunalega textanum voru styttingar reyndar ekki notaðar.

Í *sms-ljóði II* hef ég bætt við punkti í lok textans til að halda samræmi, þar sem hann hafði þegar verið notaður í miðju hans (á eftir *blés*):

(22) [...] eftir því / hvernig / vindurinn blés. / Hörundid á maga / hennar var svo / mjúkt að önnur / stelpa, á allt / öðrum stad og / með blá augu, / gat alls ekki / sofnad fyrir / tilhugsuninni um / thad (bls. 36)

*[...] a seconda / di cm / soffiava il vento. / La pelle del ventre / suo era così / soffice ke un'altra / bambina, da / tutt'altra parte e / dagli okki azzurri, / nn riusciva a / kiudere okkio a / tale / pensiero.*

Til að afmarka innskot eða viðauka notar Ingunn Snædal stundum bandstrik (,-“). Þar sem þessi notkun er ekki algeng (*Handbók um íslensku* 2011:216–219) hef ég skipt þeim út fyrir stutt þankastrik (,-“) í minni ítölsku þýðingu:

(23) ég spái í að spyrja hann ráða / - þetta er nú hans bíll - / en mig langar ekki að segja neitt (bls. 7)

*valuto se chiedergli suggerimenti / – la macchina è sua, dopotutto – / ma non mi va di dire niente*

### 3.3. Hrynjandi

Þar sem setningarnar máttu ekki vera of langar réð oft hrynjandin þeim þýðingarlausnum sem ég beitti í ítölsku þýðingunni. Þetta gildir fyrir eftirfarandi dæmi, þar sem ég einfaldlega ákvað að varðveita setninguna einfalda og knappa:

(24) einu sinni þegar við tókum okkur pásu (bls. 26)

*durante una pausa*  
'í hléi'

Stundum þurfti að fórna hluta merkingar orðs til að varðveita góða hrynjandi setningarinnar. Í eftirfarandi dæmi er samsett orð:

(25) í vinnuúlfu (bls. 4)

*con la giacca da lavoro*  
'í vinnujakka'

Nákvæm þýðing á *vinnuúlfu* gæti líka verið *giacca a vento da lavoro*. Ég ákvað að fórna þeim möguleika (*a vento*, 'vind[jakki]') til þess að halda setningunni knappri. Í eftirfarandi dæmi gildir svipað fyrir sagnorð:

(26) að moka heyi í vagn (bls. 19)

*a caricar fieno sul carro*  
'að hlaða heyi á vagninn'

Hér hef ég líka einfaldað þýðinguna. Nákvæm þýðing hefði verið *a caricar fieno con la forza sul carro* ('að hlaða heyi með heygafflinum á vagninn').

Í eftirfarandi ljóðlínu hef ég einnig einfaldað þýðinguna til að ná hrynjandinni:

(27) hef átt erfitt með að átta mig á því (bls. 9)

*l'ho capito con difficoltà*

‘ég hef skilið þetta með erfiðleikum’

### 3.4. Málfræðileg vandamál

#### 3.4.1. Ákveðinn greinir

Ein fyrsta aðferðin til að finna út hvort þýðing úr ensku á ítölsku sé góð eða vond er í gegnum notkun ákveðna greinisins, sem á ítölsku er gjarnan notaður í stað eignarfornafna í ensku þegar verið er að tala um hluta mannlíkamans (Maiden og Robustelli 2013:168). Það sama gildir stundum fyrir þýðingar úr íslensku:

(28) Thú / teygir hendur / thínar (bls. 44)

*Tendi le mani*

‘Þú teygir hendurnar’

Í eftirfarandi dæmum er einnig vísað til hluta mannlíkamans. Í dæmi (29) hef ég skipt lýsingarorðum út fyrir nafnorð og bætt við ákveðnum greini. Í dæmi (30) má aftur sjá hvernig ég hef bætt við ákveðnum greini sem er eðlilegt á ítölsku:

(29) hann er grannholda / skarpleitur og þunnhærður (bls. 12)

*è magro / ha il volto affilato e i capelli radi*

‘[hann] er grannur / með hvassa andlitið og fáa hárið<sup>3</sup>’

(30) á löngum fölum hálsi (bls. 17)

*sul lungo collo pallido*

‘á langa föla hálsinum’

---

<sup>3</sup> Þessar endurþýðingar sem ég hef gert úr ítölsku aftur á íslensku eru oft hálf-bókstaflegar, þar sem algjör bókstafleg þýðing myndi gefa til kynna ítalska setningagerð sem ekki hefði mikinn tilgang í þessari lýsingu.

Á ítölsku er ákveðinn greinir yfirleitt notaður mun meira en í íslensku – sbr. líka dæmi (26) hér að framan – og þetta er glöggt í eftirfarandi heiti á ljóðum þar sem ég setti hann í þýðingu minni:

(31) silungsveiði á Íslandi (bls. 32)

*la pesca della trota in Islanda*

‘silungsveiðin á Íslandi’

(32) Mynd af ömmu og afa heima í stofu (bls. 12)

*La foto di nonno e nonna in soggiorno*

‘Myndin af afa og ömmu í dagstofu’

Í ljóðlínunum í dæmi (33) er ákveðinn greinir einu sinni enn notaður á ítölsku: „í ljósum himnavötnum“ verður ‘í ljósu himnavötnunum’ (ít. *nelle chiare acque dei cieli*) og „grænir bakkar árinna“ verður bókstaflega ‘grænu bakkarnir árinna’ (ít. *le verdi sponde del fiume*):

(33) í ljósum himnavötnum / svamlar stöku ský / líttu á / grænir bakkar árinna / rísla við vatnið (bls. 32)

*nelle chiare acque dei cieli / nuotano nuvole sparse / guarda / le verdi sponde del fiume / giocano con l’acqua*

‘í ljósu himnavötnunum / synda stök ský / líttu á / grænu bakkarnir árinna / leika við vatnið’

Þar að auki hef ég fórnað í setningunni sagnorðinu *svamla* fyrir hið algengara orð *nuotare* (‘synda’) þar sem mér tókst ekki að finna sögn sem gat gengið ein og sér og komið hugmyndinni vel til skila. Ég valdi því *synda* í stað *svamla* til þess að forðast að nota mörg orð (t.d. so. + ao.) og halda textanum liprum og þjálum.

### 3.4.2. Einstök atriði

Í eftirfarandi ljóðlínu hef ég þýtt sem hér segir, ekki vegna þess að ég hafði ekki orðréttu þýðingu á ítölsku, heldur af því að orðatiltækið sem ég fann hljómaði betur. Höfundur situr í bílnum ásamt bróður sínum þegar hann setur fram eftirfarandi hugleiðingu:

(34) tölum lítið saman (bls. 7)

*scambiamo poche parole*

‘við skiptumst á fáum orðum’

Á einum stað stóð ég frammi fyrir tveimur valkostum: átti ég að þýða *frænka* með *zia* (‘móður-’, ‘föður-’, ‘afa-’ eða ‘ömmusystur’) eða með *cugina* (‘systur-’ eða ‘bróðurdóttur’)? Hér þurfti að velja. Höfundur er í kirkjunni þar sem fjölskyldan hittist til að ákveða smáatriði varðandi jarðarför ömmu sögumannsins. Frænka kemur að máli við sögumanninn af því að hún heldur að hann sé vonsvikinn yfir því að hafa ekki fengið neitt hlutverk í jarðarförinni:

(35) á eftir kemur frænka mín / segir að mér sé augljóslega ekki sama / ég finn að hún trúir mér ekki / þegar ég segist hafa grátið út af öðru (bls. 20)

Samhengið hjálpar reyndar ekki mikið en að mínu mati bendir það að einhverju leyti til þess að slík hegðun sé frekar dæmigerð fyrir einhvern sem er eldri, frekar fyrir t.d. móðursystur en fyrir systurdóttur. Þess vegna þýddi ég *frænka* með *zia*.

Seinna í bókinni vantaði mig góða lausn á einu atriði: í einum kafla voru sýndar beygingar fyrsta persónufornafnsins *ég*. Til að bera kennsl á beygingar og læra heiti þeirra er börnum kennt í skólanum eftirfarandi beygingarmynstur þar sem forsetningum er skeytt framan við aukaföllin:

(36) *ég* um / mig frá / mér til / mín (bls. 38)

*io / mi / me / mio*

‘*ég* / mig/mér / mig/mér / minn’

Ég ákvað að nota einfalda en árangursríka aðlögun á ítölsku – sem, eins og öllum er kunnugt, hefur ekki föll eins og íslenska. Því valdi ég að sýna hvernig menn tjá fyrstu persónu á ítölsku máli: *io* (‘ég’, frumlag), *mi* (bæði ‘mig’ og ‘mér’, þar sem *mi* getur verið andlag í ákveðinni stöðu), *me* (‘mig’, andlag; en einnig stundum ‘mér’, þegar það er þágufallsandlag), *mio* (‘minn’, eignarfor nafn).

Í ljóðlínum hér á eftir ákvað ég að færa atviksorðið *þegar* á stað þar sem það hljómaði mun eðlilegar og ekki jafn óvenjulega og í íslenska textanum:

(37) þótt depurð byggi þegar í augunum / í menntaskóla (bls. 40)

*anche se la malinconia si forma negli occhi / già al liceo*

‘þótt depurð byggi í augunum / þegar í menntaskóla’

Alls staðar í textanum eru sagnlausar setningar mjög algengar; þær eru dæmigerðar fyrir talmál. Stundum hef ég þýtt svoleiðis setningar með því að halda þeim sagnlausum líka á ítölsku en stundum varð ég að bæta við sagnorði til að láta setninguna hljóma eðlilega á ítölsku eins og sjá má af eftirfarandi dæmi:

(38) fimm ára aftur með kunnuglegan kuldahroll (bls. 48)

*avevamo di nuovo cinque anni e i ben noti brividi di freddo*

‘við vorum aftur fimm ára gömul/gamlar og fundum [að nýju] fyrir kunnuglegum kuldahrolli’

### 3.5. Menningarleg vandamál

#### 3.5.1. Orðið *bóndi*

Eitt vandamálið sem ég rakst á í textanum var merking orðsins *bóndi* sem ég hef einu sinni þýtt með *fattore* (< *fattoria*, ‘bær’) sem vísar aðallega til kúa- eða fjárbónða eða einhvers sem stundar annarskonar dýraeldi, eða einhvers sem fæst við heyrvinnslu og þess háttar. *Fattore* er eigandi bæjar, eins og oft er á Íslandi:

(39) öðrum bónda á fimmtugsaldri / finnst skemmtilegast / að gera símaat (bls. 30)

*un altro fattore sulla quarantina / si diverte / a far scherzi telefonici*

Þegar orðið *bóndi* (ít. *fattore*) kom fyrir nálægt orðinu *bær* (ít. *fattoria*) gat ég þó ekki notað *fattore* þar sem á ítölsku hafa þessi tvö orð sömu rót. Ég varð því að finna aðrar lausnir. Í dæmi (40) notaði ég orðið *contadino* (nokkurn veginn ‘íbúi sveitarinnar’) sem vísar til þess manns sem fæst við landbúnað og vinnur á ökrum:

(40) vakna við háværa rödd / bóndans á næsta bæ (bls. 31)

*mi sveglio alla voce chiassosa / del contadino della fattoria appresso*



En sú mynd sem ítalska orðið *contadino* bregður upp er öðruvísi en sú sem liggur að baki íslenskum *bónða*. Í *bónða* felst eitthvað sem ekki er hægt að tjá með *contadino*: dagleg verk eru öðruvísi, umhverfið er ólíkt, loftslag annað, menning og líf ekki hið sama. Til dæmis vinnur íslenskur *bóndi* á *túnum* en ítalskur *contadino* á *ökrum*.

Á öðrum stað þar sem *bóndi* og *bær* komu fyrir í sömu setningu þýddi ég *bóndi* einfaldlega með *proprietario* ('eigandi'):

(41) bóndinn á þessum bæ / gerir jarðgöng á Vestfjörðum (bls. 30)

*il proprietario di questa fattoria / costruisce tunnel nei Fiordi Occidentali*

Ennfremur gátu *fattore* ('bóndi') og *trattore* ('dráttarvél') ekki gengið saman í dæmi

(42) vegna þess hve lík þessi orð eru, svo að ég notaði aftur orðið *contadino*:

(42) bóndi hrapar með dráttarvél sinni í ána en bjargar sér á / sundi (bls. 28)

*un contadino cade nel fiume col trattore, ma si salva a / nuoto*

Fjórði möguleiki til að þýða *bóndi* gæti verið að nota orðið *agricoltore* ('sá sem stundar akuryrkju'), sem gefur svipaða hugmynd og *contadino*, en þetta orð hefur aðeins tæknilegra yfirbragð, svo ég ákvað að forðast að nota það.

### 3.5.2. Staðarheiti

Hvað varðar staðarheiti hef ég þau vitaskuld öll í nefnifalli, en hef notað mismunandi lausn í hvert skipti. Vinstra megin er íslenski textinn og hægra megin er hin samsvarandi ítalska þýðing sem ég hef notað:

(43) Mosfellsbær (bls. 6) → *Mosfellsbær*

(44) Þingvallaafleggjaranum (bls. 6) → *diramazione<sup>4</sup> per Þingvellir*

(45) hér fyrir sunnan (bls. 9) → *qui a Reykjavík*  
'hér í Reykjavík'

---

<sup>4</sup> Ég hef sleppt greininum af ásettu ráði.

- (46) suður á landi (bls. 30) → *al sud*  
'suður'
- (47) Í Norðurárdal (bls. 18) → *Nella valle del Norðurárdalur*  
'Í dal Norðurárdalsins'
- (48) Holtavörðuheiði (bls. 18) → *passo di Holtavörðuheiði*  
'fjallvegur yfir Holtavörðuheiði'
- (49) úr Hrutáfirði (bls. 18) → *da Hrutáfjörður*
- (50) í Staðarskála (bls. 18) → *all'autogrill di Staðarskáli*  
'í veitingaskálanum Staðarskála'
- (51) austan við Jökulsárbrú (bls. 23) → *a est del ponte di Jökulsá*
- (52) á Vestfjörðum (bls. 30) → *nei Fiordi Occidentali*
- (53) Á Fjöllum (bls. 22) → *Nella regione chiamata sui Monti*  
'Á svæðinu sem kallast á Fjöllum'

Eins og sjá má, hef ég vitanlega ekki breytt nöfnunum *Mosfellsbær* og *Hrutáfjörður* þar sem þau eru einföld staðarheiti, en ég varð að útskýra fyrir ítölskum lesendum hvað Íslendingar eiga í raun við þegar þeir segja *fyrir sunnan*, sem þýðir eiginlega 'í Reykjavík'. *Fara suður* merkir 'að fara til Reykjavíkur', sama hvar mælandinn er staddur: þegar fólk frá Vestmannaeyjum segist *fara suður* á það við 'að fara norðvestur (til Reykjavíkur)'. Þetta sýnir hversu afstæð hugmyndin *að fara (norð)vestur* og *að fara suður* er fyrir fólk sem er alið upp á stöðum þar sem þetta viðgengst. Það sama gerist til dæmis á Ítalíu, þar sem fólk frá Cuneo (borg suður af Tórínó í Fjallalands-héraðinu) segja *scendo a Torino* ('ég fer niður til Tórínó') en samkvæmt höfuðáttunum er reyndar farið 'upp'. *Fyrir sunnan* gæti líka hafa verið þýtt með *in città*, 'í borginni', en þá þyrfti ég að hafa útskýrt fyrir ítölskum lesendum að á Íslandi er aðeins ein borg en ýmsir bæir. Annars konar orðatiltæki er *suður á landi* (bls. 30), sem þýðir 'á sunnanverðu Íslandi'.

Í sumum tungumálum er hluti staðarnafna stundum endurtekinn, svo sem *Færeyyjar* sem á ítölsku eru venjulega kallaðar [*le*] *Isole Fær Øer*<sup>5</sup>, sem þýðir bókstaflega ‘Færeyyjar eyjar’. Þetta gerist vegna þess að danska nafnið *Øer* er skynjað einungis sem sérnafn og segir venjulegum ítölskum lesanda ekki neitt, þannig að nauðsynlegt er að bæta við *Isole*, ‘Eyjar’, til að gera heitið gegnsætt. Það sama hef ég gert með því að setja *valle* (‘dalur’) á undan *Norðurárdalur*, þar sem seinni hluti staðarheitisins, *-dalur*, er merkingarlaus venjulegum ítölskum lesanda: ég hef því skrifað á ítölsku *Nella valle del Norðurárdalur* (‘Í dal Norðurárdalsins’). Á hinn bóginn ákvað ég að þýða *Jökulsárbrú* með því að taka út og þýða þriðja hluta samsetta orðsins, *brú*, þar sem *Jökulsárbrú* er ekki nafn bæjar eða svæðis, heldur raunverulegt nafn brúar: *ponte di Jökulsá*.

Ég þurfti að útskýra fyrir ítölskum lesendum til hvers nafnið *Staðarskáli* vísar með svipuðu hugtaki. Ég valdi því orðið *autogrill* (úr orðinu *automobile*, ‘bifreið’, og enska orðinu *grill*, ‘grill’), sem er stutt orð (mun styttra en *stazione di ristoro*, ‘veitingaskáli’) og lýsir vel hugmyndinni um stað þar sem hægt er að borða nálægt veginum þegar maður er á för frá einum stað til annars. Ég notaði ekki *stazione di benzina* eða *stazione di servizio* (‘bensínstöð’) vegna þess að það myndi hafa gefið fyrst og fremst hugmynd af stað þar sem hægt er að setja bensín á bílinn. Og þannig staðir á Ítalíu innihalda oft einhvern matstað í návist bensíndællunnar, en ekki alltaf. Aftur á móti felur hugtakið *autogrill* alltaf í sér að bensíndællur séu á staðnum.

Í ítölskum ferðamannabókum heldur hið vinsæla svæði *Vestfirðir* stundum íslenska nafni sínu, en það er líka oft þýtt á ítölsku með þýðingunni *Fiordi Occidentali*, sem samsvarar fullkomlega íslensku merkingunni. Eins og ég stuttlega bendi á í kafla 2.5. hef ég reynt að gera upprunalega merkingu íslenskra orða gegnsæja (hugtak sem er mjög kært Íslendingum!) og því ákvað ég að nota ítalskt heiti sem samsvarar hinu íslenska. Ég hef notað stóra bókstafi fremst í orðunum (*Fiordi Occidentali*) þar sem þeir vísa til nafns svæðisins.

Nafnið *á Fjöllum* er útskýrt á ítölsku með lausnunum *Nella regione chiamata “sui Monti”* eða *Nella regione detta “sui Monti”* (‘Á svæðinu sem kallast *á Fjöllum*’). Ég hef þó sleppt ítölskum tilvitnunarkerkjum (“...”) í þýðingunni minni fyrir framan og aftan *sui Monti* í samræmi við það að þau eru ekki notuð í textanum almennt. *Á Fjöllum* er í raun víðfeðmt svæði og felst t.d. í seinni hluta staðarheita svo sem *Möðrudalur á Fjöllum* og *Jökulsá á Fjöllum*.

---

<sup>5</sup> Þó líka [*le*] *Isole Faroe* eða, hjá sumu menntuðu fólki, einfaldlega [*le*] *Fær Øer*.

### 3.5.3. Litir

Þessi kafli fjallar um atriði sem við fyrstu sýn virðist ekki vera veigamikill hluti þeirra vandamála sem koma upp þegar verið er að þýða, en þegar betur er að gáð getur það með fullum rétti talist vandamál. Í öllum textanum notar höfundur stundum af mikilli list liti til samanburðar við náttúruna sem umlykur hann. Á þennan hátt kemur höfundur til skila því hugarástandi sem hann er í við akstur eða þegar hann hugleiðir hluti og lítur kringum sig (sjá t.d. bls. 32 í bókinni). Íslensk náttúra er þekkt fyrir sterka og andstæðukennda liti og sú staðreynd að sögumaður skýtur inn litlum lýsingum af landslagi í návist hans gerir kvæðin í heild sinni aðlaðandi, ekki síst í augum þeirra sem koma erlendis frá og vanir eru öðrum litbrigðum og náttúrumyndum.

Við þýðingarstarf mitt varð mér ljóst að ég leitaði að mismunandi lausnum eftir þeim fyrirbærum sem litirnir vísuðu til: annars vegar var það náttúran og hlutar mannslíkamans, hins vegar voru það vanaleg fyrirbæri. Við skulum fyrst líta á nokkur dæmi:

- |  |   |   |
|--|---|---|
| (54) rauðvínslykt (bls. 6)             | → | <i>odore di vino rosso</i>                            |
| (55) rauð tjöld (bls. 14)              | → | <i>una tenda rossa</i><br>'rautt tjald <sup>6</sup> ' |
| (56) rauður dúkurinn (bls. 34)         | → | <i>il linoleum rosso</i>                              |
| (57) rauðar varir (bls. 15)            | → | <i>labbra vermiglie</i><br>'eldrauðar varir'          |
| (58) í bláa kjólnum sínum (bls. 10)    | → | <i>col suo vestito blu</i>                            |
| (59) bláköflóttu viskastykki (bls. 13) | → | <i>[lo] straccio a quadri blu</i>                     |
| (60) bláar örvar (bls. 32)             | → | <i>frecce blu</i>                                     |

---

<sup>6</sup> Hér og í textanum nota ég eintölu af ráðnum hug þar sem með *tende* ('tjöld') myndi fyrst koma upp í huga ítalsks lesanda *gardinur*.

- (61) blá fjöll (bls. 22) → *monti cerulei*  
‘himinblá fjöll’
- (62) blátt gras (bls. 32) → *erba azzurrina*  
‘fjólubláleitt gras’

Ekki var erfitt að þýða liti algengra fyrirbæra: *rauð tjöld* og *blár kjóll* eiga sér skýra samsvörun í ítölsku orðunum *tenda rossa* og *vestito blu*. Þegar þessir litir vísuðu til náttúrufyrirbæra og líkamshluta var þó ekki gerlegt að beita sjálfkrafa orðunum *rosso* og *blu* sem myndu hafa dregið úr og veikt þann tillfinningaþunga sem höfundurinn hafði lagt í lýsingar sínar. Hinar ólíku þýðingar mínar á þessum litum sem tóku mið af samhengi þeirra voru svo til sjálfkrafa og án mikilla bollalegginga. Það var ekki fyrr en síðar að það rann upp fyrir mér að þessa sjálfkrafa ólíka nálgun mátti rekja til hinna mörgu stílfyrirbæra sem eru rótgróin í móðurmáli mínu. Menn verða að hafa í huga að ítalska var í margar aldir einungis bókmenntamál, mál fræði- og námsmanna en ekki mál sem var almennt talað. Af þeim sökum hefur það myndað sér mikinn sarp stílfyrirbæra og á sú hefð rætur að rekja til latínu. Ísland á sér ólíka sögu að baki og ber því með sér ólíka bókmenntahefð (sjá t.d. kenningar).

Af þessum sökum geta *varir* á ítölsku, *labbra*, verið *rosse* í daglegu máli en í skáldlegum texta eru *labbra* oft *scarlatte* (‘skarlatsrauðar’) eða *vermiglie* (‘eldrauðar’; *vermiglio* táknar lit sem unninn er úr ákveðnu skordýri og er nokkru veikari en *scarlatto* en þó sterkrauður).

Á sama hátt hefðu *blá fjöll* vafalaust hljómað hversdagslega ef þetta orðasamband hefði verið þýtt með *monti blu*. Þess vegna kaus ég að nota þýðinguna *monti cerulei* (‘himinblá fjöll’, sem er mjög bjart blátt litbrigði og komið úr latínu *caerulēu[m]*, sem rekja má til orðsins *cāelum* ‘himinn’). Á sama hátt var *erba* (‘gras’) ekki *blu*, en mér kom strax til hugar *azzurrina* (‘fjólubláleitt’; < *azzurro*, ‘ljósblár’), sem er nokkuð algengt í ítölskum bókmenntum. Slík nálgun byggist ef til vill eigi aðeins á vali á réttu lýsingarorði hvað merkingu varðar, heldur og á aðlaðandi hljómfalli sem lætur vel í eyra.

Í ítölskum bókmenntum hefur *blái* liturinn ótal blæbrigði. Þessum blæbrigðum er oftast lýst í einu orði án áhersluorðsins *chiaro* (‘ljós-’): *blu* (‘blár’), *azzurro* (‘ljósblár’), *celeste* (‘mjög ljósblár’; < *cielo* ‘himinn’). Sumum þessara blæbrigða er lýst með heitum ákveðinna blóma, steina og ýmissa efna; þetta eru nafnorð sem notuð eru sem

lýsingarorð: *fiordaliso* ('garðakornblóm'), *lavanda* ('lofnarblóm'), *zaffiro* ('safír'), *cobalto* ('kóbolt'), *indaco* ('indígó'), *acqua* ('vatn'), *acquamarina* ('sjávarvatn'). Önnur litbrigði má jafnvel tjá með því að tengja þau heitum landsvæða, fjölskyldna eða annarra fyrirbæra: *blu di Prussia* ('Prússlandsblár'), *blu di Persia* ('Persíublár'), *blu Savoia* ('Savoia-blár'), *blu reale* ('konungsblár'), *blu notte* ('næturlár') o.s.frv.

### 3.5.4. Séríslensk fyrirbæri

Í byrjun bókarinnar kemur fyrir orðið *timbruð*, slangororð sem samsvarar enska orðatiltækinu *hung over*. Sökum þess að Ítalía hefur ekki sömu drykkjumenningu og Norður-Evrópa höfum við Ítalir ekki stutt lýsingarorð til að tjá líkamlegt ástand daginn eftir að maður hefur „verið við skál“. Þýðingin sem kemst þessu næst er nokkuð stíð, *soffrire i postumi della sbornia* ('að þjást af eftirköstum drykkjunnar'), en hún er augljóslega of löng. Því fann ég styttri leið til að lýsa því að yngri systir höfundar sé *timbruð* með því að segja *ieri ha bevuto* (bókstaflega 'í gær drakk hún', sem þýðir 'í gær fékk hún sér í staupinu' eða 'í gær varð hún drukkin'):

(63) við bróðir og litla systir / hún situr aftur í og segir fátt / *timbruð* (bls. 6)

*io, mio fratello e mia sorella minore / è seduta sul retro e parla poco / ieri ha bevuto*

'ég, bróðir minn og yngri systir mín / hún situr aftur í og segir fátt / í gær drakk hún'

Þetta orðatiltæki heldur góðri hrynjandi saman, þótt slangrið hafi glatast í þýðingunni.

Í kaflanum *ævintýri* koma eftirfarandi ljóðlínur:

(64) fyrir þig / myndi ég gjarna / bera inn sólskin / í botnlausum potti / allan daginn  
(bls. 8)

Þessi hluti vísar til þjóðsögunnar um hina klaufalegu Bakkabræður sem ætluðu að bera myrkrið út úr húsi sínu í húfunum. Þessi tilvísun er óskiljanleg ítölskum lesendum og því er einungis hægt að miðla henni með útskýringu á notkun hennar í neðanmálgrein.

Nokkrum sinnum gat ég ekki fundið viðeigandi þýðingu á hlutum, fyrirbærum og hugtökum sem tengjast íslenskri menningu eða náttúru nema með útskýringu á því sem rætt er um:

- (65) úði (bls. 7)  
*pioggia finissima*  
‘mjög fínleg rigning’
- (66) bleikt&blátt (bls. 23)  
*rivista erotica*  
‘erótískt tímarit’
- (67) sjálfstæðisflokkurinn (bls. 27)  
*partito conservatore*  
‘fhaldsflokkurinn’
- (68) og gleymdum áramótaskaupum (bls. 27)  
*e gag comiche dimenticate*  
‘og gleymdum grínatriðum’
- (69) úlfaldar eiga ekki við hér með mýflugum / frekar hreindýr (bls. 29)  
*qua non fanno di una mosca un elefante / piuttosto una renna*  
‘hér gera menn ekki fíl<sup>7</sup> úr flugu / frekar hreindýr’
- (70) á góugleðinni (bls. 31)  
*alla festa invernale*  
‘á vetrarhátíð’
- (71) Gunnarshólma (bls. 40)  
*la poesia Gunnarshólmi*  
‘ljóðið Gunnarshólmi’
- (72) ber nýja lífið upp stigana / í Bónuspokum (bls. 45)  
*salgo le scale trasportando la nuova vita / in sacchetti del discount*  
‘ég fer upp stigana með nýja lífið / í pokum úr lágvöruversluninni’

---

<sup>7</sup> Í stað úlfalda tala Italir um fíl: *gera úlfalda úr mýflugum þýðist því á ítölsku sem fare di una mosca un elefante* (‘gera fíl úr mýflugum’; sbr. d. *gøre myg til en elefant*, Auður Hauksdóttir 2013).

Eins og sjá má, hef ég oftast haft skipti á sérnöfnum við almennari hugtök. Ég gæti t.d. hafa þýtt *sjálfstæðisflokkurinn* á nákvæmari hátt með *partito dell'indipendenza*, en til þess að gefa hugmynd um stefnu flokksins, sérstaklega núna, hef ég þýtt orðið með *partito conservatore*, 'íhaldsflokkurinn'.



#### 4. Lokaorð

Ljóðabókin eftir Ingunni Snædal *Guðlausir menn* hefur sín einkenni sem ég varð að virða í ítölsku þýðingunni. Meðal einkennanna eru næstum því algjör skortur á greinarmerkjum og einfaldur og látlaus stíll. Eins og fram kom í 2. kafla er augljóst að hvaða þýðingarferli sem er verður að teljast menningarleg miðlun. Slík aðferð krefst töluverðrar sköpunar til að finna bestu lausnirnar á máli þýðingarinnar, bæði hvað varðar fegurð og hljómfall nýja tungumálsins – sem má ekki hljóma klaufalega – og hvað varðar sömu viðbrögð lesandans, eins og Nida fjallar um. Að dómi hans er *áhrifajafngildi* afar mikilvægt. Lesandi markmálstextans á að verða fyrir sömu áhrifum og lesandi frummálstextans. Ég vona að mér hafi að nokkru leyti tekist að kalla fram viðbrögð hjá væntanlegum ítölskum lesanda sem svipar til viðbragða lesanda frummálstextans.

Við þýðingarvinnu mína var einnig mikilvægt að gera menningarlegar tilvísanir aðgengilegar fyrir hinn almenna ítalska lesanda. Mig langaði til þess að gera textann ánægjulegan á eins fjölbreyttan hátt og hægt var fyrir mögulega lesendur á Ítalíu og ekki einungis fyrir þau nokkur hundruð sem búa á Íslandi. Í stað fárra tilvitnana til íslenskrar menningar hafa verið notuð almenn hugtök þegar hinar íslensku myndir hefðu villt ítalska lesandanum sýn. Þetta var þó gert án þess að breyta eðli hugmyndanna sem lá að baki textanum.

Eins og komið hefur fram, varð stundum við þýðingu á sumum setningum að fórna litlum hluta merkingar orða til þess að halda góðri hrynjandi í tungumálinu sem var þýtt á. Ég varð að gefast upp þegar ég stóð andspænis þeirri staðreynd að sumt er óþýðanlegt í heimi menningar eins og ljóst er af dæminu um íslenska *bóndann* sem vísar til umhverfis, menningar og staðháttu sem er afar ólíkt því sem hinn ítalski *contadino* lifir í. Stundum varð að bæta kommum inn í textann til að virða ítalska hefð. Stundum þegar sagnir voru undanskildar í upprunalegum texta varð að bæta sögn inn í þeim ítalska. Einnig má sjá að ákveðinn greinir er mikið notaður í ítölsku, m.a. þegar verið er að tala um hluta mannslíkamans. Þýðandi þarf að hafa öll þessi atriði í huga. Hvað merkir það? Það merkir að góður þýðandi verður auk annarrar hæfni sinnar að hafa góð tök á eigin tungumáli, því máli sem þýtt er á. Hann þarf að búa yfir þeirri smekkvísi sem gerir honum kleift að koma fágun upprunalegs texta til skila. Til dæmis verður ítalskur þýðandi að leggja sig fram þegar þýða á liti þar sem tunga hans ber með sér hefð stílfyrirbæra sem hann verður að virða, óski hann þess að þýddi textinn verði ekki

klunnalegur eða jafnvel rýr. Smáatriði skipta máli og smáatriði skilja að gæði og meðalmennsku.

## Heimildir

- Ástráður Eysteinnsson. 1996. *Tvímæli: þýðingar og bókmenntir*. Bókmenntafræðistofnun, Reykjavík.
- Auður Hauksdóttir. 2013. *Að gera úlfalda úr mýflugu eða fil*. Sótt 8. apríl 2014 af [hi.is/ad\\_gera\\_ulfalda\\_ur\\_myflugu\\_eda\\_fil](http://hi.is/ad_gera_ulfalda_ur_myflugu_eda_fil).
- Auglýsing um greinarmerkjasetningu* nr. 133/1974, með innfelldum breytingum 184/1974.
- Bakhtin, Mikhail Mikhailovich. 1981. *The Dialogic Imagination: Four Essays*. Ritstj. Michael Holquist. University of Texas Press, Austin og London.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1989. *Íslensk rímorðabók*. Iðunn, Reykjavík.
- Engifer. 2010. *Hvað er prósaljóð?* Sótt 8. apríl 2014 af [hugi.is/ljod/pistlar/693059/prosaljod](http://hugi.is/ljod/pistlar/693059/prosaljod).
- Gregory, Tullio. 2006. *Origini della terminologia filosofica moderna. Linee di ricerca*, Leo S. Olschki Editore, Firenze.
- Handbók um íslensku*. 2011. Ritstj. Jóhannes B. Sigtryggson. JPV forlag, Reykjavík.
- Humphrey, Robert. 1954. *Stream of Consciousness in the Modern Novel*. University of California, Berkley og Los Angeles.
- Ingunn Snædal. 2014. Sótt 8. apríl 2014 af [bjartur.kaktus.is/?i=4&o=1148](http://bjartur.kaktus.is/?i=4&o=1148).
- Íslensk orðabók*. 2002. Ritstj. Mörður Árnason. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Edda, Reykjavík.
- Íslensk-rússnesk orðabók*. 1962. Ritstj. Valeríj P. Bérkov og Árni Böðvarsson. Ríkisútgáfa orðabóka yfir erlendar og innlendar tungur, Moskva.
- Lotman, Yuri Mikhailovich. 2005. *On the semiosphere*. *Sign System studies* 33,1:159–171.
- Maiden, Martin og Cecilia Robustelli. 2013. *A Reference Grammar of Modern Italian*. Routledge, London.
- Nida, Eugene A. og Charles R. Taber. 1969. *The Theory and Practice of Translation*. Brill, Leiden.
- Osimo, Bruno. 2003. *Manuale del traduttore*, Hoepli, Milano.
- Skúli Björn Gunnarsson. 1997. *Menningarstríð á styrjaldarárum*. Morgunblaðið, 29. nóvember.

- Soffía Auður Birgisdóttir. 2006. *Hér þekkja mig allir en enginn veit neitt um mig*. Morgunblaðið, 18. nóvember 2006. Sótt 8. apríl 2014 af [mbl.is/greinasafn/grein/1114952](http://mbl.is/greinasafn/grein/1114952).
- Torop, Peeter. 2002. Translation as Translating as Culture. *Sign Systems Studies* 30,2: 593–605.
- Úlfhildur Dagsdóttir. 2006. *Hengirúm og öngur*. Sótt 8. apríl 2014 af [bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648\\_read-21525](http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-21525).
- Whitfield, John H. 1969. *A Short History of Italian Literature*. Pelican Books, London.